

1101. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 09. október í Kringlunni 7 á 0. hæð, kl. 17:30

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Fríður Birna Stefánsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.

Gestur fundarins var Halldór Grönvold frá ASÍ

Dagskrá:

Áður en að formleg fundardagskrá hófst sagði Ólafía Björk frá því að Guðrún Björk hefði boðað forföll. Auk þess óskaði hún eftir að fundarmenn myndu samþykkja breytingu á auglýstri fundardagskrá þannig að inn kæmi nýr liður nr. 3 sem er „Vinnureglur stjórnar“ þannig að liðurinn „Niðurstöður úr könnunum á þjónustu Starf hjá VR kynntar“ yrði nr. 7 og liðurinn „Önnur mál“ yrði nr. 8.
Samþykkt.

Auk þessa sagði Ólafía Björk stuttlega frá þeim erindum sem óskað hafði verið eftir að ræða undir liðnum „Önnur mál“.

1. Fundargerðir lagðar fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fram fundargerðir 1095., 1096., 1098, 1099. og 1100. fundar til samþykktar.

Ólafía Björk sagði að ákveðið hafi verið að Árni myndi nú rita fundargerðir.

Umræður.

Í umræðum lagði Bjarni Þór fram eftirfarandi skriflega tillögu:

„9.10 2013

Legg til að út úr fundargerð 1096 liður E. undir önnur mál, verði felldur út

Bjarni Þór Sigurðsson“

Var tillaga Bjarna Þórs því næst borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum gegn 6 en einn sat hjá.

Fundargerðirnar samþykktar og undirritaðar.

2. Aðgerðir ASÍ gegn kennitöluflakki Halldór Grönvold

Ólafía Björk bauð gest fundarins velkominn en það var Halldór Grönvold frá ASÍ. Dreift var skjalinu „Aðgerðir gegn kennitöluflakki og samfélagslegt tjón af þess völdum“ dags. október 2013. Skjal sem unnið var hjá ASÍ.

Fór Halldór því næst yfir efni þess á myndglærum. Í máli hans kom m.a. fram að þeir sem þekktir eru af kennitöluflakki séu oftast ekki einnig í annarri brotastarfsemi. Sagði hann frá vinnu vegna þessarar samantektar - mikil gagnaöflun hafi átt sér stað og þeir fengið hugmyndir víða að sem síðan hafiverið sett í samhengi hjá ASÍ.

Tillögur ASÍ eiga að auðvelda heiðarlegu fólki að reka sína starfsemi. Halldór tók svo ítarlegt dæmi til að skýra hvað nákvæmlega er fólgið í hugtakinu kennitöluflakk. Sagði hann að það vanti stefnu um hvernig opinberir aðilar eigi að koma fram gagnvart þrotabúum. Samfélagslegt tjón af völdum kennitöluflakks er víðtækt bæði á atvinnulífið, launafólk og sameiginlega sjóði landsmanna. Aðeins fimmtungur fyrirtækja á Íslandi skilar ársreikningum á réttum tíma og oftast eru þau fyrirtæki á vanskilaskrá sem eru lélegt við að skila ársskýrslum. Ástandið er því nokkuð svart.

Mikið samfélagslegt tjón verður af völdum gjaldþrota fyrirtækja og benti hann á að á tveggja ára tímabili hafi orðið „eignabruni“ uppá 97% þannig voru lýstar kröfur rúmir 400 milljarðar króna en aðeins innheimtust 8 milljarðar króna uppí það.

Næst fór Halldór yfir tillögur ASÍ í þessum málum sem settar eru fram í 16 liðum. M.a. er þar stungið uppá að settar verði strangari reglur um hæfi einstaklinga sem eru í forsvari fyrir félög. Lágmarkshlutafé félaga verði hækkað. Sett verði skilyrði um að forsvarsmenn hafi sótt námskeið um ábyrgð og rekstur félaga. Settu verði upp upplýsinga- og fræðsluvefur um slíkan rekstur. Lög um gjaldþrotaskipti verði endurskoðuð og að opinberir aðilar móti sér samræmda stefnu gagnvart þrotabúum.

Umræður.

Að loknum umræðum og fyrirspurnum var Halldóri þakkað fyrir þessa miklu og athyglisverðu kynningu og vék hann því næst af fundi kl. 19:46.

3. Vinnureglur stjórnar

Ólafía Björk hóf þennan dagskrárlið á því að segja að hún vildi endurskoða vinnureglur stjórnar sem eru frá árinu 2011. Álag hefur aukist á stjórn og að mikilvægur vetur sé framundan í starfinu þar sem samstöðu sé þörf. Lét hún því næst orðið ganga um vinnubrögð stjórnar undanfarið. Óskaði hún eftir að fundarmenn töluðu opinskátt og af heiðarleika.

Gekk þá orðið umhverfis salinn og allir viðstaddir stjórnarmenn tjáðu sig um málið.

Umræður.

Að loknum umræðum stakk Ólafía Björk uppá því að samskiptareglusamningur stjórnar yrði líka tekinn upp ásamt öðrum vinnureglum. Mun hún senda tillögur til stjórnarmanna í tölvupósti.

4. Fulltrúar VR á LÍV þingið 8-9. nóvember nk.

Ólafía Björk upplýsti að við erum með 55 fulltrúa á þinginu og að dagskrá þingsins sé komin á skjalavistunarsvæðið þar sem hún hvetur fundarmenn til að skoða það. Búið er að skrá þessa 55 fulltrúa en nokkrir eigi þó eftir að staðfesta komu sína. Sagði hún því næst frá skipulagi ofl. vegna þingsins.

Umræður.

Þá sagði Sigurður frá vinnu kjörnefndar vegna uppstillingar í stjórn LÍV. Síðan sé það þannig að hver sem er geti boðið sig fram til stjórnar. Í dag er VR með 3 stjórnarmenn en önnur félög eru með 4.

5. Starfslýsing framkvæmdastjóra og formanns

Ólafía Björk gaf þá Birgi Má orðið og sagði hann að mikið álag hafi verið í sumar. Kom hann starfslýsingum til Guðmundar B. Ólafssonar lögmanns en að það hafi ekki verið klárt núna fyrir fundinn. Biður hann því um nokkra daga frest til að klára þetta vel og yrði það þá tekið upp á næsta fundi.
Samþykkt.

6. Starfsreglur Húsnæðisnefndar og Laganefndar

Bjarni Þór sagði frá starfsreglum Húsnæðisnefndar en þær höfðu áður verið til kynningar á skjalavistunarsvæðinu.

Umræður.

Að loknum umræðum þakkaði Bjarni Þór fyrir góðar ábendingar. Skoðum þetta áfram og komum með umræðupunkta fyrir stjórn.

Þá ræddi Rannveig skipan í Laganefnd og leggur hún til að í nefndinni sitji auk hennar þau Benóný Valur, Friður Birna, Kristjana Þorbjörg og Sigurður.

Gerðar hafa verið starfsreglur og skilgreint hlutverk nefndarinnar. Vill Rannveig draga þær aftur inn í nefndina til frekari útfærslu vegna góðra punkta sem Ólafía Ása hafi lagt fram. Munum því skoða það á næsta fundi nefndarinnar sem verður þann 17. október n.k. og kemur þá fullmótað á næsta stjórnarfund.

Umræður.

Ólafía Björk bar þá upp til atkvæða tillögu Rannveigar um skipan Laganefndar og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum .

7. Niðurstöður úr könnunum á þjónustu Starf hjá VR kynnar

Ólafía Björk dreifði skjalinu „Minnisblað“ dags. 9. október 2013.

Að öðru leiti var ekki fjallað um málið en ákveðið að taka þetta fyrir síðar.

Fundi slitið kl. 22:34

Árni Leósson fundarritari